

Kennsluáætlun haustið 2019

Náttúrufræði 8. bekkur

Í náttúrufræði eru þrjár kennslustundir á viku í 8. bekk þar sem 8. og 9. bekk er kennt saman. Kennari er Gréta Björg Ólafsdóttir

Vinnulag

Á haustönninni verðum við í einfaldri eðlisfræði, þar sem nemendur kynnast ýmsum hliðum eðlisfræðinnar með lifandi kennslu þar sem gerðar eru tilraunir, unnin einstaklings verkefni og hópaverkefni. Nemendur bera ábyrgð á að skrifa niður heimanám, jafnframt verður heimanám nemenda aðgengilegt á mentor.is.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: Rafmagn, hljóð, ljós, varmi og veður. Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: Líffræði

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Rafmagn	Eðlisfræði 1 Perur – perustæði – vírar- votlmælar – amermælar og fleira til að skoða rafmagn á áþreifanlegan hátt.	Nemandi getur ... • gert grein fyrir eðli rafmagns • lýst og útskýrt hvernig orka getur breytt um mynd • útskýrt einfaldar rafrásir og tengslum raf- og segulmagns	Ljósaverkefni Könnun
Hljóð	Eðlisfræði 1 Tónkvísl DB- mælir	Nemandi getur ... • lýst bylgjuhreyfingum og rætt myndun hljóðs og nýtingu þess	Heimapróf
Varmi og veður	Eðlisfræði 1 Veðurkort	Nemandi getur ...	Könnun

		• þekkt hvað varmaorka er og hvernig hún flyst á milli með varmaburði, varmageislun og varmaleiðni. • þekkt hvernig eðlismassinn breytist þegar föst efni, vökvar og lofttegundir hitna. • þekkt hvernig eðlismassinn breytist þegar föst efni, vökvar og lofttegundir hitna.	
Ljós	Eðlisfræði 1 Ljósakassinn	Nemandi getur ... • lýst myndun og nýtingu ljóss í tækni og atvinnulífi. • útskýrt myndun bylgna.	Könnun

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok. Matið fer fram með námsmatsverkefnum við lok hvers hluta ásamt símati á virkni nemanda í tímum og verklegum verkefnum.

Með ósk um gott gengi,

Gréta Björg Ólafsdóttir